

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Flóahreppi.

1. gr.

Flóahreppi er heimilt að leggja á sérstakt seyrulosunar-, sorphirðu- og sorpeyðingargjald samanber samþykkt um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

Sorphirðugjald.

a) 240 lítra tunna	12.000 kr.
b) 660 lítra kar	19.520 kr.
c) 1.100 lítra kar	27.328 kr.

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Íbúðir	8.800 kr.
Sumarhús	8.800 kr.
Atvinnurekstur á iðnaðarlóðum	19.200 kr.
Atvinnurekstur á lögbýlum	10.400 kr.

4. gr.

Seyrulosunargjald.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er 7.000 kr.

5. gr.

Annað.

Árlegt gjald fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og seyrulosun uppfærist í janúar ár hvert og mun taka mið af vísitölu neysluverðs.

Gjaldskrá þessi er samín og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps og staðfest skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Flóahreppi, nr. 358/2009.

Flóahreppi, 4. nóvember 2009.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.